



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Skipulag jarðlagna í þéttbýli




Hvatningarorð til lagnamanna



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

SKIPULAG JARÐLAGNA Í ÞÉTTBÝLI

Það er mikilvægt að vanda til verka við hverskonar veitulagnir í jörðu. Samorka leggur hér fram þversniðstillögu að skipulagi jarðlagnakerfa og töflu með æskilegu bili milli lagna og mælir með að veitur hafi það til hliðsjónar, eftir því sem hægt er við framkvæmdir.



Lágmarksfjarlægðir milli lagna í jörðu [mm]

	Lágspennu- strengir	Háspennu- strengir	Síma- strengir	Heitt vatn	Kalt vatn	Gagnaveita
Raflagnir l.sp.	70	100	150	300	300	50
Raflagnir h.sp	100	100	300	300	300	50
Símastrengur	150	150	0	300	300	50
Skurðbrún	50	50	100	150	200	50

Áður en hafist er handa við jarðlagnavinnu þarf að tryggja samráð milli allra veitufyrirtækja, strax á hönnunarstigi (samráðshönnuður), ákveða síðan staðsetningu tengiskápa og ljósastaura, og loks að afla þeirra leyfa sem lög og reglur gera ráð fyrir.

Þegar formlegt grafrarleyfi liggur fyrir frá byggingafulltrúa, þá og ekki fyrr, er hægt að hefjast handa.


Þar sem um er að ræða samstarf margra lagnafyrirtækja er mikilvægt að hver taki tillit til þarfa hinna og verklag allt taki mið af því að allar lagnir fari vel og skipulega niður og undirlag og hlífar og borðar sitji rétt. **Mikilvægt er að fyrirkomulag sé þannig að lögn liggji ekki ofan á annarri lögn**, þannig að þegar sinna þarf viðhaldi og/eða gera við bilanir, að þá sé hægt að komast að viðkomandi lögn án þess að raska þurfi öðrum óviðkomandi lögnum.

Framanritað á sérstaklega við nýlagnir í götum þar sem skipulag liggur fyrir og þá getur hagað þannig til að hvert lagnafyrirtæki annist sína lögn, eða að verktaki annist vinnu fyrir öll lagnafyrirtækin sameiginlega. Þegar svo háttar til hefur fyrirfram verið gerður samningur um kostnaðarskiptingu.

Þegar unnið er við lagnir í „gömlum götum“ vegna viðhalds eða meiriháttar breytinga, þá er ekki síður mikilvægt að standa vel að öllu skipulagi. Þá gildir líka að fá leyfi byggingayfirvalda og einnig er mikilvægt að kynna sér allar fyrirliggjandi upplýsingar um legu lagna, með það í huga að minnka óþægindi og koma í veg fyrir skemmdir á lögnum. Leita þarf upplýsinga hjá öllum lagnafyrirtækjunum um legu lagna, svo og að kanna hvort grundvöllur sé fyrir samvinnu um aðgerðir, sérstaklega ef um heildar endurnýjun á lögn er að ræða.

Við lagnir sem hægt er að hlusta/mæla út legu á, með hlustunartækjum, er mikilvægt að nota þá tækni og hafa skal í huga að það er betra að veita slíka þjónustu um legu eigin lagna, heldur en að verða fyrir tjóni sem hefði mátt komast hjá. Það er grundvallarregla að mæla lagnalegu og færa nákvæmlega inn á teikningagrunna lagnafyrirtækja.

Þegar fyrirtæki vinna saman að lagnarvinnu verður stundum ágreiningur um kostnaðarskiptingu, þá reynir á samstarfsvilja og sanngirni. Vissulega eru það aðstæður og umfang hverju sinni sem hlýtur að ráða, en nokkrar veitur hafa það viðmið að ávinningnum af samvinnu sé skipt í hlutfalli við þann kostnað sem hver fyrir sig bæri ef ekki væri unnið saman. Myndin hér að neðan skýrir þennan ávinning.



Hefð er fyrir að hafa frárennslislagnir og neysluvatnslagnir í sama skurði, en háspennustrengir (90 cm.dýpt) eru með lágspennustrengjum og götuljósastrengjum (70 cm. dýpt) í skurði rafveitu. Brunahanar og tengiskápar ættu, eftir atvikum, að vera allt að 20 cm. frá lóðarmörkum. Símastrengir og gagnaveitustrengir komi við hlið rafveitulagna, en allar þessar strengjalagnir verða að taka mið af þörfum og umfangi hitaveituröra, sem eru plássfrekust og lítt sveigjanleg. Sama verklag þarf að viðhafa við þveranir gatna.

LÖG, REGLUGERÐIR OG STOFNANIR:

Mannvirkjastofnun: www.mannvirkjastofnun.is

Skipulagsstofnun: www.skipulagsstofnun.is

Byggingarreglugerð: <http://www.reglugerd.is>

Lög um mannvirki: www.althingi.is/lagas/140a/2010160.html

Byggingafulltrúi viðkomandi sveitarfélags (vegna framkvæmdaleyfa og grafrarleyfa):

Veitufyrirtæki, vegna upplýsinga um legu lagna:

Samorka: WWW.samorka.is



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

